

Reykjavík 20.12.08

Hæstvirtur sjávar- og landbúnaðarráðherra
Einar Kristinn Guðfinnsson
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Forstjóri Matvælastofnunar
Jón Gíslason
Austurvegi 64
800 Selfoss

Mótmæli vegna frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum

Stjórn Dýralæknafélags Íslands ber hér með fram mótmæli og harmar að hvorki ráðuneyti né Matvælastofnun skuli hafa séð ástæðu til þess að hafa samráð við stjórn Dýralæknafélags Íslands og hlutaðeigandi starfsmenn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um dýralækna, þar sem önnur af tveimur stöðum héraðsdýralækna í Þingeyjarumdæmi er lögð niður.

Stjórn Dýralæknafélags Íslands telur ekki eðlilega staðið að kynningu þessa máls gagnvart stjórn DÍ og hlutaðeigandi starfsmönnum og fer þess vinsamlega á leit að framvegis verði haft fullt samráð ef til þess kemur að fella niður, skerða eða breyta stöðugildum eða starfslýsingum dýralækna í þjónustu Matvælastofnunar.

Stjórn Dýralæknafélags Íslands lýsir yfir þungum áhyggjum vegna tillagna Matvælastofnunar um skerðingar á dýralæknaþjónustu í dreifbýli (Þingeyjarumdæmi, Austurland og Vestfirðir), ekki síst m.t.t. dýraverndarsjónarmiða og ímyndar íslensks landbúnaðar og matvælavinnslu.

F.h. stjórnar Dýralæknafélags Íslands

Sif Traustadóttir
formaður